# AUGLÝSING

## um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp í Tryggvagötu við Tollstöðina, á lóð Iðnaðarbankans við Lækjargötu og á lóð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að Skólavörðustíg 11. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. október 1970.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

30. október 1970. Nr. 254.

# AUGLÝSING

## um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Leyfilegur hámarksökuhraði á Miklubraut austan Grensásvegar verður 60 km miðað við klukkustund.
2. Stöðvunarskylda verður á Elliðavogi gagnvart umferð um Miklubraut og á Skeiðvallavegi gagnvart umferð um Vesturlandsveg.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. október 1970.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

5. nóvember 1970. Nr. 255.

# AUGLÝSING

## um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með ákveðnar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Umferð Skólatraðar til suðurs skal víkja fyrir umferð um Digranesveg skv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð á Smárahvammsheimreið skal víkja fyrir umferð um Fífuhvammsveg skv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. nóvember 1970.*

**Sigurgeir Jónsson.**